



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 REYKJAVÍK

SKATTRANNSÓKNARSTJÓRI
RÍKISINS

B.K. 21.2.2020
Tilvísun: 2020020106

Efni: Umsögn skattrannsóknarstjóra ríkisins um tillögu til þingsályktunar um rannsókn á fjárfestingarleið Seðlabanka Íslands, sem fram er lögð á 150. löggjafarþingi 2019 – 2020, sbr. þingskj. 39, 39. mál.

Skattrannsóknarstjóra ríkisins hefur borist tölvupóstur frá stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis þar sem embættinu er send til umsagnar tillaga til þingsályktunar um rannsókn á fjárfestingarleið Seðlabanka Íslands, 39. mál 150. löggjafarþings 2019-2020. Með vísan til þessa lætur skattrannsóknarstjóri ríkisins stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis í té svofellda

u m s ö g n :

Tillagan felur í sér að Alþingi álykti, sbr. ákvæði laga um rannsóknarnefndir, að gerð verði rannsókn á fjárfestingarleið Seðlabanka Íslands. Rannsóknin verði falin þriggja manna nefnd sem forseti Alþingis skipi. Rannsóknarnefndin leggi mat á hvernig til hafi tekist þegar fjárfestingarleið Seðlabanka Íslands var komið á fót, m.a. framkvæmd hennar og efnahagsleg áhrif. Í þessu skyni geri nefndin grein fyrir atriðum sem talin eru í sex staflidum í 2. mgr. tillögunnar, m.a. samkvæmt e-lið „hvort ríkissjóður hafi orðið af skatttekjum vegna þessa og þá hversu mikið tapið var“ og samkvæmt g-lið „hvort fjárfestingarleiðin kunni að hafa verið notuð til að koma óskráðum og óskattlögðum eignum Íslendinga á aflandssvæðum aftur til landsins, til að stunda peningabætti eða misnotuð með öðrum hætti“. Samkvæmt 3. mgr. tillögunnar skal nefndin skila niðurstöðum sínum svo fljótt sem verða má og eigi síðar en 1. október 2020. Fram kemur í greinargerð með tillögunni að hún hafi áður verið lögð fram sem 331. mál 146. löggjafarþings. Hún hafi ekki náð fram að ganga en sé lögð fram að nýju með breytingum.

Skattrannsóknarstjóri sendi eftirlits- og stjórnskipunarnefnd Alþingis umsögn vegna umgetinnar tillögu sem fram var lögð á 146. löggjafarþingi. Var í fyrri málsgrein umsagnarinnar lýst efni tillögunnar, sbr. hér að ofan en síðari málsgrein hennar var á þessa leið:

„Í þessu samhengi þykir skattrannsóknarstjóra ríkisins rétt að upplýsa nefndina um að embættið hefur óskað eftir og fengið gögn og upplýsingar frá Seðlabanka Íslands um þá aðila sem nýttu sér nefnda fjárfestingarleið. Kann greining og frekari úrvinnsla þeirra gagna eftir atvikum að leiða til frekari aðgerða af hálfu embættis skattrannsóknarstjóra, vakni grunur um skattundanskot í tengslum við nefnda leið.“



Það er að segja af þeirri greiningu og frekari úrvinnslu gagna sem getið er í ofangreindri umsögn frá árinu 2016 að sökum annarra aðkallandi verkefna og takmarkaðs mannafla varð að afmarka hana nokkuð auk þess sem verkefnið tafðist af sömu sökum. Í byrjun ársins 2018 lágu fyrir niðurstöður forskoðunar 11 tilvika er vörðuðu nýtingu fjárfestingarleiðarinnar á árunum 2012 til og með og 2015. Voru tilvik þessi valin úr mengi tilvika þar sem aðilar voru einstaklingar búsettir hér á landi á tíma útboðs auk þess sem um hafði rætt fjárfærslur fyrir ofan ákveðna fjárhæð. Alls voru samþykkar umsóknir einstaklinga um nýtingu fjárfestingarleiðarinnar 754 en samþykktar umsóknir lögaðila 318, þ.e. alls 1.072. Fjöldi einstaklinga búsettra á Íslandi á tíma útboðs var 231. Fjárhæð tekinna tilboða frá einstaklingum búsettum á Íslandi var um 5,81 milljarðar króna. Fjárhæð tekinna tilboða frá einstaklingum nam samtals um 24,02 milljörðum króna en tekin tilboð lögaðila námu samtals um 96,16 milljörðum króna, þ.e. samtals um 120,19 milljarðar króna.

Eitt þessara tilvika leiddi til þess að skattrannsókn var hafin vegna þeirra fjárfærslna sem um hafði rætt og er þeirri rannsókn nýlega lokið. Í samráði við embætti ríkisskattstjóra var tekin ákvörðun um að áframhaldandi skoðun gagnanna yrði í fyrstu á forræði þess embættis sem eftir atvikum myndi vísa aftur málum til skattrannsóknarstjóra í þeim tilvikum er athugun myndi vekja grun um refsiverð brot, sbr. ákvæði 96. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003.

Það skal undirstrikað að engir lögaðilar voru teknir til athugunar í umræddri úrtakskönnun skattrannsóknarstjóra, heldur aðeins einstaklingar, eins og áður getur. Hefur skattrannsóknarstjóri ekki haft tök á að sinna frekari rannsókn en að framan er lýst. Er því ekki að svo stöddu hægt að draga neinar almennar ályktanir á grundvelli athugana skattrannsóknarstjóra á þeim gögnum varðandi fjárfestingaleið Seðlabanka Íslands sem embættið fékk aðgang að og frá var greint í framangetinni umsögn þess frá árinu 2016.

Í ljósi þess sem ofangreind afmörkuð athugun skattrannsóknarstjóra leiddi í ljós telur embættið að ef upplýsa eigi hvort fjárfestingarleið Seðlabanka Íslands hafi verðið nýtt til að flytja til Íslands fjármuni, sem uppruna eiga í tekjum sem ekki hafa verið taldar réttilega fram til skatts hér á landi og þá eftir atvikum jafnframt hvort peningaþvætti hafi átt sér stað, verði að fara fram ítarleg og heildstæð athugun er bæði taki til einstaklinga og lögaðila. Þá telur skattrannsóknarstjóri að til að upplýsa umrædd efni með viðhlítandi hætti sé m.a. nauðsynlegt að sannreyna og rekja til enda uppruna fjármuna í hverju og einu þeirra tilvika sem til rannsóknar eru tekin. Er ljóst að það kallar í mörgum ef ekki flestum tilvikum á öflun frekari gagna frá umsækjendum sjálfum og eftir atvikum öðrum aðilum til viðbótar þeim gögnum sem fram hafa verið lögð við afgreiðslu umsókna um nýtingu fjárfestingarleiðarinnar.

Virðingarfyllst,

Bryndís Kristjánsdóttir

skattrannsóknarstjóri ríkisins